

Bjarg 1924 eldra. FúsaHús (Hafnarbraut 2b) Lnr: 194435 Fnr: 2154875

(*Saga dalvíkur II bindi bl. 458. (Manntal í Upsasókn 31. des 1920)*)

1: Sigfús Þorleifsson, Ásgerður Jónsdóttir kona hans og dóttir, Jóna Kristín.

2: Þorleifur Sigfússon, Kristín Gunnlaugsdóttir kona hans og tókubarn Jóna Fr. H. Johansen.

(*Fasteignarmat 1931*)

Lóð 240 m², ógirt leigulóð. Hús 7,8 x 6,5 m. Vegghæð frá kjallara 2,5 m, rishæð 2,0 m. Hús með kjallara byggt af steinsteypu og þak af timbri og pappaklætt. Gólf, loft og skilrúm að timbri. Ein íbúð, 3 herbergi og eldhús. Dælt vatn úr brunni. Ofnhiti og einn steypur reykháfur. Raki en hlýtt. Byggt 1921. Áfast við íbúðarhús er steinsteypur skúr með járnþaki stærð 4,36x3,75 m (smiðja). Enn fremur 5,63 x 3,75 m (fjós og hlaða). Eigandi Sigfús Þorleifsson, járnsmiður.



Bjarg og smiðja Sigfúsar Þorleifssonar.

(*Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar*)

Steinhús á háum kjallara, þiljað innan. Húsið eyðilagðist sem íbúðarhús og stórskemmdist smiðja húsráðenda – og þurfti að fella vegg. Íbúar 7. Húsráðendur; Sigfús Þorleifsson og Ásgerður Jónsdóttir.

Stutt saga um hús

Það var Sigfús Þorleifsson járnsmiður og útgerðarmaður frá Syðra-Holti og kona hans Ásgerður Jónsdóttir sem byggðu Bjarg 1924. Það var áætlað að húsið myndi kosta 6.000 kr í byggingu en það kostaði 12.000. Húsið skemmdist mjög mikið í jarðskjálftanum 1934, svo mikið að eigendur fengu ekki að búa í því fyrst í stað, en svo voru reglur rýmkaðar og fólkíð flutti inn aftur um haustið. Húsið sprakk mikið enda ekki járninu fyrir að fara í veggjum. Upphaflega var pappi á þaki.



Norðan við húsið var smiðja sem hrundi að mestu, þó stóð uppi einn veggur eftir skjálftann. Þegar skjálftinn dundi yfir var Hörður 9 ára sonur Sigfúsar staddur inn í skúrnum að gera við reiðhjól ásamt Jóni Stefánssyni frá Göngustöðum sem var bílstjóri hjá Sigfúsi um þær mundir. Það vildi þeim félögum til happs að veggirnir hrundu allir út en ekki inn.

Heimilisfólkið bjó svo í húsinu fram á vetur en fluttust þá um stundar sakir í risið í Haukafelli sem er næsta hús sunnan við Bjarg. Það hús var ný byggt og ekki búið að innrétta rishæðina. en Þarna bjuggu þau þar til nýja húsið á Bjargi var tilbúið. Hafist var handa við þá byggingu strax um sumarið 1934 fast upp við eldra húsið og var það fullsmíðað sumarið 1936. Þangað inn flutti fjölskyldan en eldra húsið van nýtt sem geymsla fyrir útgerðar dót og þ.h.

Sveinn Ríkhartsson keypti eldra húsið og gerir upp sem íbúð árið 198?. Tvöfaldur bílskúr er byggður norðan við gamla húsið þar sem smiðjan hafði staðið áður 1941/ 2. Húsin stóðu óbreytt en vel við haldin meðan Sigfús átti þau. Þá var talað um þau sem "FúsaHús í daglegu tali. Alda Viggósdóttir og Jörgen Þór Þórarinsson keyptu húsið árið 1979.

Athugasemd um hús:

Húsið var dæmt óíbúðarhæft eftir jarðskjálftann 1934 og notað sem geymsla þar til það er gert upp árið 1996 og hefur loksins fengið það hlutverk sem því var ætlað í upphafi. Steyptar voru nýjar undirstöður undir húsið í stað grjóthleðslunnar sem fyrir var og gólfplata steypt. Skipt var um milligólf og það hækkað upp til að fá meiri lofthæð. Þak var endurnýjað algerlega, sperrur, klæðning, pappi og járn. Settur var límtrésbiti upp í mænin til að hlífa útveggjunum við álagi, enda eru þeir það eina sem stendur eftir af gamla húsinu. Allir gluggar nýir.



Athugasemd um umhverfi húss

Hús stendur nærri götu með grunna lóð framan við hús en litla baklóð mölborna.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur / íbúar	Börn
Bjarg b 1924-1934 -1924	Þorleifur Sigurðsson (1971-1956) Kristín Rósa Gunnlaugsdóttir (1855-1924)	
1924-	Sigfús Páll Þorleifsson (1898-1984) Ásgerður Jónsdóttir (1895) Fósturdóttir	Jóna Kristín (1919-1960) Hlín (1921) Hörður (1925) Kári (1927-1930) Kári (1933) Ragnheiður Sigvaldadóttir (1934)
1935-1984	eldra húsið nýtt sem geymsla fyrir útgerðar dót	
1984-1995 1984-1995 1984-2008	Jón Halldórsson Stefán Björnsson Sveinn Ríkarðsson	
2007-2008	Margrét Elva Ragnarsdóttir	
2008-2010	Ragnar Þór Elísson Erla Helgadóttir	
2010 og enn	Rikki Þór Valsson	

Bjarg 1934 yngra (Hafnarbraut 2a)

Lnr: 151504 Fnr: 2154874

(*saga Dalvíkur III bindi, bl. 304 (Húsagerð og hýbýlakostur á Dalvík um 1936)*)

(l: 9,0 – b: 7,7 – h: 6,7). Tveggja hæða steinhús með risi. Neðri hæð skipt með steinsteyptum skilrúmum í fimm herbergi, forstofu og uppgöngu á lofthæð. Efri hæð fimm herbergi, timburskilrúm. málað og veggfóðrað. Miðstöðvarhitun. Rafmagn til ljósa. Geymsluhús (l: 7,9 – b: 7,25 – h: 5,8). Geymsla byggð við íbúðarhúsið, steinsteypt, tvær hæðir og ris. Neðri hæð skipt með steyptum skilrúmum í fjögur herbergi. Efri hæð óskipt.

Fjós (3,8 – b:5,0 – h: 2,0). Fjós byggt við geymsluna, steinsteypt (1935).

Húsráðendur:

- 1: Sigfús P Þorleifsson, Ásgerður Jónsdóttir.
- 2: Páll Sigurðsson, Hallfríður Sigurjónsdóttir.
- 3: Finnur Sigurjónsson, Jóhannes Jóhannesson.



(*saga Dalvíkur III bindi. bl. 223 (uppbygging eftir jarðskjálfta)*)

”Jafnframt því, sem hafist var handa um að fella hús, sem ónýt töldust, hófst viðreisnarstarfið, nýsmíðin. Flestar teikningar gerði Jóhann Kristjánsson trúnaðarmaður Byggingar- og landnámssjóðs. Teikningar að járnalögnum steinsteypuveggja og annað þess háttar annaðist Steinn Steinsen bæjarstjóri á Akureyri. Þórir Baldvinsson byggingafræðingur kom hér líka við sögu, og enn fleiri”.



Hús Sigfúsar Þorleifssonar, Bjarg (yngra og eldra).

(*Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986*)

Útveggir steinsteyptir og járnklætt risþak. Neðsta gólfið steypst annað úr timbri. Íbúð og geymsla. Á fyrstu hæð skilrúm með steinsteypuskilrúm í 5 herbergi, forstofu og gang með uppgangi á efri hæð. Önnur hæð skipt með timburskilrúmi í 5 herbergi og gang og anddyr.

Stærð: L- 9,0 B – 7,7 H- 6,0

Geymsluhús 2 hæðir og ris. Neðri hæð skipt í 4 hólf, efrihæð í 1 Stærð: L- 3,3 B- 2,7 H- 2,2

Stærð: L- 7,9 B- 7,25 H- 5,8

Áfast gamla húsi er byggð bifreiðageymsla úr r-steini. Stærð: L- 10,3 B- 7,6 H- 2,4

Eigandi Sigurbjörn Benidiktsson.

Stutt saga húss

Hafist var handa við byggingu nýja hússins á Bjargi strax sumarið 1934 eftir jarðskjálftann og var það fast upp við eldra húsið. Það hús var svo fullsmíðað sumarið 1936. Þangað flutti fjölskyldan en eldra húsið van nýtt sem geymsla fyrir útgerðar dót og þ.h. alveg þar til Sveinn Ríkharðsson kaupir það og gerir upp sem íbúð að nýju árið 198?. Tvöfaldur bílskúr var byggður norðan við gamla húsið þar



sem smiðjan hafði staðið áður árið 1941 eða 2. Húsin standa óbreytt en vel við haldin meðar Sigfús á þau. Þá var talað um þau sem "Fúsahús í daglegu tali. Sigfús átti húsin þar til hann seldi þeim Öldu Viggósdóttur og Jörgen Þór Þórarinssyni árið 1979 þegar hann flutti á Dalbæ.

Athugasemd við hús

Athugasemd við hús

Húsið stendur nálægt götu með grunna lóð framanvið hús en nokkuð stóra baklóð. Nokkuð stór tré í garði.

Eigenda og íbúaskrá		
<i>Tímabil</i>	<i>Eigendur / íbúar</i>	<i>Börn</i>
Bjarg b 1934-1973	Sigfús Þorleifsson Ásgerður Jónsdóttir	Jóna Kristín (1919-1960) Hlín (1921) Hörður (1925) Kári (1927-1930) Kári (1933) Ragnheiður Sigvaldadóttir (1934)
1934-1965	Þorleifur Sigurðsson	
1934-	Páll Sigurðsson Hallfríður Sigurjónsdóttir	
1934-	Finnur Sigurjónsson	
1934-	Jóhannes Jóhannesson	
1947-1954	Hörður Sigfússon Hermína Þorvaldsdóttir	
1954-1956	Sigurður G Flosason Þórunn Þorvaldsdóttir	
1957-1958	Björn Elíasson Ragnheiður Guðmundsdóttir	
	Jörgen Þór Þórarinsson Alda Viggósdóttir	
-1995	Húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar	
1995-2000	Þorkell Ásgeir Jónsson Ragnhildur Hallgrímsdóttir	
2000-2003	Hjörtur Birgisson	

	Sigrún Eva Rúnarsdóttir	
2003-2010	Ásdís Erna Ingimarsdóttir	
2010-2012	Íbúðalánasjóður	
2012 og enn	Guðmundur Aðalsteinn Pálmason Pálína Ósk Lárusdóttir	

Gimli 1932 (Baldvinshús, Strandberg) Hafnarbraut 4. Lnr: 151505
(*Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar*)

Fnr: 215-4577

Tvílyft steinhús á grunni, steyppt og járn bent loft og þak. Litlar skemmdir á húsinu og því íbúðarhæft. Þarf þó að gera við reykháf. Húsráðendur; Baldvin Jóhannsson og Stefanía Jónsdóttir.

(*Saga Dalvíkur IV bindi, bl. 249*) 1984. Gamla lækni húsið, Gimli, lagfært og á að nota það sem æskulýðsheimili.

(*Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1984*)

Steinsteypt hús með flötu þaki, steinsteyptu. Tónlistarskóli og félagsmiðstöð. 1. hæð: Skipt með stein og timburskilorúmum í 10 hólf. 2. hæð: Skipt með stein og timburskilorúmum í 7 hólf. L- 13,0 m B- 9,55 m H- 5,70 m.



Stutt saga húss

(*Eigenda- endurbótasaga. Rætt við Hörð Fúsa*)

Húsið Gimli var byggt 1932 sem íbúðarhús af Baldvini Jóhannessyni seinna kaupfélagsstjóra. Byggingarmeistari var Elías Halldórsson og með honum Arngrímur Jóhannesson í Sandgerði. Húsið er vel byggt og stórt með steypptu flötu þaki, fyrst húsa á Dalvík sem þannig er byggt. Öll steypa var hrærð í höndum og hífð upp í fötum. Baldvin bjó í húsinu í nokkur á eða þar til hann selur Stefáni Guðnasyni lækni það undir læknabústað, apótek og læknastofur árið 1940.

Taldi Stefán eðlilegt að læknisbústaðurinn yrði fremur á Dalvík en í Árgerði. Talið var hagkvæmast, að læknisbústaðurinn væri svo rúmgóður, að þar væri hægt að hafa tvær sjúkrastofur, sem grípa mætti til. Stefán festi kaup á húsi Gimli, sem fullnægði þessum skilyrðum, og keypti sveitarfélagið það 1940 eða gekk inn í gerða samninga. Ríkissjóður veitti umbeðinn styrk til kaupanna, og mun Árskógshreppur einnig hafa átt hlut að máli.

Eftir að húsið verður læknabústaður bjó Stefán Guðnason lækni og Elsa Níelssína Sigrún Kristjánsdóttir þar. Stefán flutti til Akureyrar 1944 og við læknisembættinu tók Daníel Á Daníelsson og bjó hann í húsinu ásamt konu sinni Dýrleifu Friðriksdóttur meðan þau byggðu sér hús í Árgerði. Í Gimli voru eftir sem áður læknastofur og apótek til ársins 1981 þegar Heilsugæslustöðin á Dalvík tók til starfa 19 janúar það ár. Bókhaldsskrifstofan h.f var með aðsetur í húsinu frá stofnun 1968 þar til hún flutti í nýbyggt Ráðhús Dalvíkur árið 1978. Í húsinu var starfrækt æskulýðsmiðstöð á níunda áratugnum. Á svipuðum tíma er tónlistarskólinn starfræktur í húsinu til ársins 1999 en þá fékk Skátafélag Dalvíkur húsið afhent til afnota. Árið 2010 var húsið selt og eru eigendur þess Bjarni Gunnarson og Aðalheiður Símonardóttir og reka þau þar gistiheimili.

Athugasemd við hús.

Ráðist var í lagfæringar á Gimli árið 1984 því það skyldi nota sem æskulýðsmiðstöð. Árið 1993 var sett á húsið



nýtt valmabak, og húsið einangrað betur og herbergjaskipan breitt. Klætt var framan á þakkanta með timbri og settar þakrennur.

Athugasemd við umhverfi húss

Húsið stendur á 668,0 m² leigulóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Framan við húsið á lóðarmörkum er steypdur stoðveggur ca 80 cm. hár og ofan á honum timburgrindverk fest á járnprófíl sem steypdur er á veggeinn. Timburgrindverk er við lóðarmörk sunnan en steypdur veggur að vestan. Garðurinn er trjálaus.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur / íbúar	Börn
1932-1939	Baldvin Gunnlaugur Jóhannsson Stefanía Sóley Jónsdóttir	Guðjón (1933) Örn (1935)
1940-1947	Svarfaðardalshreppur	
1940-1944	Stefán Guðnason Elsa Níelssína Sigrún Kristjánsdóttir	
1944-1947	Daníel Á Daníelsson Dýrleif Friðriksdóttir	
1947-	Dalvíkurhreppur	

Víkurhóll 1934 Hafnarbraut 12.

Lnr: 151510

Fnr: 215-4887

(Fasteignarmat 1931)

Lóð 320 m² girt á tvo vegu, leigulóð. Hús 10,5 x 7,5 m. Vegg hæð frá grunn 5,4 m, rishæð 1,5 m. Útbygging: forstofa 2,8 x 2,5 x 1,56 m af steinsteypu með pappapaki. Ekki kjallari. Hús að steinsteypu. Þak af timbri pappaklætt. Loft, gólf og skilrúm af timbri. Íbúðar og iðnaðarhús. 2 íbúðir 7 og 1 herbergi. Ofnar og einn reyk háfur. Rakalaust og hlítt.

Byggt 1927 ekki fullgert. Eigandi Elías Halldórsson, trésmiður Dalvík.

Útihús: steinskúr með pappapaki 7,8 x 3,13 m. Fjós og hlaða.



(saga Dalvíkur III bindi, bl. 304 (Húsagerð og hýbýlakostur á Dalvík um 1936))

Kjallari (l: 8,0 – b: 3,8 – h: 8,4). Steyptur í hólf og gólf.

Aðalhæð (l: 12,0 – b: 8,0 – h: 6,3). Timburhús, ein hæð, port og ris með kvisti í gegn. Klætt tjörupappa utan. Aðalhæð skiptist í sjö herbergi, gana, forstofu og anddyri. Allt málað eða veggfóðrað. Rishæð ófrágengin. Miðstöðvarhitum. Rafmagn til ljósa (1937).



(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986)

Kjallari úr steinsteypu annað úr timbri, þak járnklætt, 3,5 m ris, port 0,70 m.

Kjallara skipt með timburskilrúmum í 3 hólf og geymslu alls 66 m³ sameign.

Ris skipt með timbri í 7 herbergi, gang og stigahús. Stærð: L- 12,0 B- 8,0 H- 2,1

Við húsið er byggður skúr úr timbri og asbesti. Sameign. L- 2,35 B- 2,2 H- 2,5

Eigandi þá Sigtryggur Hilmarsson.

Fyrsta hæð skipt með timburskilrúmum í 8 hólf, gang og forstofu sem er sameign.

Stærð: L- 12,0 B- 8,0 H- 2,7

Eigandi þá Vilhjálmur Björnsson

Stutt saga húss:

(Eigendasaga samkvæmt lýsingu Vilhjálms Björnssonar í símtali 13. nóv. 2011)

Elías G. Halldórsson og Friðrikka Jónsdóttir kona hans byggðu húsið 1934 eftir að eldra húsið sem þau höfðu byggt nokkru áður og var steinsteypu, eyðilagðist alþjórliga í jarðskjálftanum 2 júní 1934. Þau áttu allt húsið til 1964 en þá seldu þau Gunnari Jónssyni, rishæð hússins. Gunnar og Kristín Klemensdóttir bjuggu þar í þrjú ár, eða frá 1964 til 1966 en þá flytja þau í Brekku. Þá var búið að byggja nýtt hús í Brekku eftir bruna þar. Gunnar seldi Júlíusi Steingrímssyni og Súsönnu Friðbjörnsdóttur risið 1966. Þau bjuggu þar til 1980.

1965 keypti Björn Jónsson í Ölduhrygg neðrihæð hússins af systur sinni, Friðriku sem þá var orðin ekkja.

Björn bjó í húsinu til dauðadags, en hann dó 1977. Eftir það eignaðist sonur hans, Vilhjálmur Björnsson íbúðina og átti hana til dauðadags en hann lést árið 2015.

Þegar Júlíi og Súsanna seldu rishæðina 1980, keypti Guðmundur Júlíusson frá Höfn af þeim. Guðmundur bjó í risinu til 1987 þegar hann seldi Sigtryggi Hilmarssyni. Sigtryggur átti risið þar til hann seldi bróður sínum, Stefáni 1992 og hann á íbúðina til ársins 1998 en þá seldi hann Sæmundi E



Andersen og Lillian. Þau búa þar þangað til Sæmundur lést 2002 en Lillian bjá þar áfram til ársins 2007 þegar hún deyr. Þórdís Linda Andersen er skráð fyrir íbúðinni frá 2003 til 2007 en þá eignaðist Reynir Tómas Emilsson hana og er skráður eigandi til 2011.



Athugasemd við hús

Elías hafði verkstæði á efri hæð hússins og þar gerði hann m.a. við úr og klukkur. Hann útbjó íbúð þar og leigði út þar til hann selur Gunnari Jónssyni hæðina. Húsið er að mestu óbreitt að utan frá upphafi en þó hefur það verið klætt með bárujárn einhvertina fljótlega eftir byggingu. Skipt hefur verið um alla glugga hússins og þeim breytt þannig að þar sem upphaflega voru krosspóstar í öllum gluggum eru nú gluggar með einum liggjandi pósti með minna hólfi að ofan og í því oftast laust fag. Tveir gluggar sem voru á austur stafni hússins uppi, hafa verið sameinaðir í einn stóran glugga og í honum þrjú standandi póstar og mjó laus fög til beggja hliða gluggans.

Athugasemd við umhverfi húss

Víkurhóll stendur á 588,0 m² leigulóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Húsið stendur alveg fram við gangstétt á lóðarmörkum. Stór bakgarður er bak við húsið en í honum enginn trjágróður.

Eigenda og íbúaskrá		
<i>Tímabil</i>	<i>Eigendur / íbúar</i>	<i>Börn</i>
1934-1965	Elías G. Halldórsson Friðrikka Jónsdóttir	
rið hæð 1964-1966	Gunnari Jónssyni Kristín Klemensdóttir	
1966-1980	Júlíus Steingrímsson Súsanna Friðbjörnsdóttir	
1980-1987	Guðmundur Júlíusson	
1987-1997	Sigtryggur Hilmarsson	
1997-1998	Stefán Hilmarsson	
1998-2002 -2007	Sæmundur E Andersen Lillian Andersen	
2007-2011	Reynir Tómas Emilsson	
neðri hæð 1965-1977	Björn Jónsson	
1965-2015	Vilhjálmur Björnsson	

(*saga Dalvíkur III bindi, bl. 299 (Húsagerð og hýbýlakostur á Dalvík um 1936)*)

(L:8,0 b:5,0 h:4,2) steinsteypt íbúðarhús ein hæð og ris. Þrjú íveruherbergi, forstofa og geymsla. Málað og veggfóðrað. Rísið ófrágengið. Notast sem geymsla. Miðstöðvarhitun. Rafmagn til ljósa. (1936) Húsráðandi: Albína Bergsdóttir.

(*Fasteignarmat 1940*)

Stærð lóðar 160 m². hús l: 8,0 b: 5,0 vegg hæð frá kjallara að grunn 3,2 m 128 m³

Húsið byggt að steinsteypu 1 hæð, ris með járnþaki. Útveggir úr steinsteypu, þak úr timbri og járn, gólf úr timbri svo og skilrúm. Útbygging, skúr 5 x 2 x 2,5 m steinsteyptur. Herbergjaskipan, 3 herbergi, forstofa, geymsla, stofubað og geymsla á lofti. Húsið ekki vel vandað en sæmilega hirt og viðhaldið. Vatns- skólp- og rafleiðsla. Ber lítilsháttar á raka og ekki hlýtt.

(*Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986*)

Eigandi Herbert Hjálmarsson. Útveggir úr steinsteypu, risþak járnklætt. Lost gólf og skilveggir úr timbri og steinsteypu. Hæð skipt í 8 herbergi, gang og anddyri. Stærð: 9,55 x 4,85 x 3,20 og 9,70 x 7,95 x 3,20 og 4,70 x 1,55 x 3,20. Alls 130,7 m² og 418 m³



Stutt saga hússins:

Húsið Berg var upphaflega sambyggt hesthúsinu sem stóð vestanvið húsið og er nyrðri partur núverandi húss það sem áður var hlaða hesthússins. Fyrsti eigandi Bergs var Albína Sigurveig Bergsdóttir, ljósmóðir frá Hofsa. Húsið byggt að steinsteypu, ein hæð og lágt ris. Þak úr timbri og járnklætt, gólf og skilrúm úr timbri. Herbergjaskipan, 3 herbergi, forstofa, geymsla, stofubað og geymsla á lofti. Útbygging, skúr 5 x 2 x 2,5 m steinsteyptur. Húsið ekki vel vandað. Albína bjó fyrst ein í Bergi en árið 1941 giftist hún ekkjumanninum Friðjóni Guðmundssyni bakara frá Akureyri. Árið 1947 flutti móðir Albinu, Ósk Valdína Rögnvaldsdóttir, sem þá var orðin ekkja, til dóttur sinnar í Berg. Þar dó hún 1948. Þau Albína og Friðjón bjuggu í Bergi þar til Friðjón dó árið 1959 en Albína seldi Gunnari Jónssyni, bílstjóra frá Hæringstöðum og Emmu Stefánsdóttur Berg 1962. Gunnar og Emma búa í Bergi til 1971 þegar þau seldu núverandi eigendum, þeim Herberti Hjálmarssyni og Guðrúnu Skarphéðinsdóttur húsið.

Athugasemd um húsið:

Þegar Herbert og Guðrún keyptu Berg 1971 var komin þörf fyrir talsvert viðhald á húsið. Þau fengu Sveinbjörn Steingrímsson til að teikna breytingar og viðbyggingu við húsið. Árið 1977 hefjast þau svo handa við að byggja vestanvið húsið álmu. Í framhaldi af því var skipt um alla glugga í húsinu og þeim breytt. Áður voru timburgluggar með krosspóstum en Herbert lét setja plastglugga með einum liggjandi pósti og stærri rúðu að neðan og lausu fagi að ofan. Einnig var húsið allt einangrað með 2ja tommu steinullareinangrun og klætt að utan með stál-trapisuklæðningu. Þakið var líka tekið upp og einangrað upp á nýtt með 4ra tommu glerullareinangrun. Skipt var um þakjárn á elsti hluta hússins en ekki á elstu viðbyggingunni.



Athugasemd um umhverfi húss:

Stærð lóðar er 800,0 m² í eigu Dalvíkurbyggðar. Húsið er mjög aðþrengt á þrjá vegu. Það stendur alveg fram við gangstétt að norðan og nánast á lóðarmörkum að vestan og mjög nálægð lóðarmörkum við Sunnuhvol. Baklóðin er nokkuð stór en óhentug. Árið 2009 var settur niður íbúðargámur bak við húsið. Þessi gámur er notaður sem verkstæði eða vinnustofa. Þegar Hafnarbrautin var gerð á sínum tíma var hún grafin talsvert niður framman við húsin Sunnuhvol og Berg þannið að talsverður bakki myndaðist framman við þessi hús. Til að koma í veg fyrir að það hryndi frá og undan húsunum var steypdur stoðveggur á lóðarmörkum og jafnframt steyptar tröppur upp í Berg. Þessi veggur er þarinn að láta á sjá og er illa sprunginn á nokkrum stöðum.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1935-1961 1941-1959	Albína Sigurveig Bergsdóttir Friðjón Guðmundsson	Marínó (1932)
1947-1948	Ósk Valdína Rögnvaldsdóttir	
1960-1962	Óskar Kristinn Júlíusson Snjólaug Aðalsteinsdóttir	
1962-1971	Gunnar Jónsson Emma Stefánsdóttir	Guðrún Erla (1954) Jón Kristinn (1956) Ásdís (1962) Stefán Svanur (1968)
1971-	Herbert Hjálmarsson Guðrún Skarphéðinsdóttir	Sigurjón Hermann (1962) Ástvaldur Egill (1964) Jón Hjálmar (1967) Sigtryggur V (1978) Anna Sóley (1983)

Sunnuhvoll, 1910. Hafnarbraut 18. Landnr: 151514

Fastanr: 215-4894

(Fasteignarmat 1931)

Lóð 1,87 ha. Girt með gaddavír, leigulóð. Húsið er 7,5 x 6,25 m vegg hæð frá kjallara er 2,2m rishæð 2,2 m. Kjallari. Húsið af timbri, útveggir úr timbri, járnvarin. Þak úr timbri, járnvarið. Gólf, loft og skilrúm út timbri. 1 íbúð með 4 herbergjum. Reykháfur einn steypdur. Rakalaust en kalt. Útbygging 7,5 x 4,38 m kjallaralaus (í smíðum). Útihús: steinsteypuhús 10,0 x 5,0 m járnþak (fjós, hlaða og áburðarhús).

Byggt 1911 eigandi Júlíus Björnsson.



(Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar)

Timburhús – portbyggt á steypum kjallara. Húsið skemmdist lítið, íbúðarhæft en reykháfur þarfnast viðgerðar. Húsráðendur; Júlíus Björnsson og Jónína Jónsdóttir.

Stutt saga húss:

Júlíus Björnsson útvegsmaður og k.h. Jónína Jónsdóttir byggðu húsið 1910. Árið 1929 byggði Júlíus þverálm, útbyggingu fyrir gafli hússins.. Þegar jarðskjálftinn dundi yfir 1934 stóð húsið nokkuð óskemmt fyrir utan eina sprungu á kjallaravegg sunnanverðum sem sést enn þann dag í dag. Gísli Arason kallaður "Gísli greifi" keypti húsið af Jónínu og Júlíusi 1945. Hann átti það í nokkur ár. Ingimar Guttormsson og Jóhanna Jónasdóttir bjuggu í húsinu árið 1953. Hjálmar Blómkvist Júlíusson og Sólveig Eyfeld leigðu efri hæð hússins 1954. Þá bjuggu á neðri hæð Anna Stefánsdóttir, Egill Gunnlaugsson og Anna Gunnlaugsdóttir. Árið 1957 eru ásamt Hjálmari og fjölskildu á neðri hæð hússins þau Jón Anton Jónsson og Hekla Tryggvadóttir. Árið 1958 er Hjálmar og hans fólk flutt í Baldurshaga en í þeirra stað eru flutt inn þau Jóhannes Haraldsson og Steinunn Pétursdóttir og fjölskildu frá Laugahlíð. Stefán Bjarmar var kennari á Dalvík um 1962 og bjó í Sunnuhvoli. Þar vann hann að þýðingu sinni á bók Ernest Hemmingways, Hverjum klukkan glymur. Ævar Klemenzson eignast efri hæð hússins eftir að Hjálmar fer. Þá bjó einnig Sigtryggur Árnason frá Brekkukoti í kjallaraíbúðinni. Aðalsteinn Haukson átti húsið um tíma og breytti nokkuð að innan, tók eða færði skilrúm og breytti herbergjaskipan hússins.



Athugasemd um hús:

Júlíus Baldursson keypti húsið af Húsnæðisstofnun ríkisins árið 1996 á 500.000 kr. Þá hafði húsið staðið autt í nokkurn tíma og var orðið talsvert illa farið, flestar rúður brotnar og neglt fyrir glugga með krossvið.

Þegar Júlíus keypti húsið skoðar hann það vel og áttar sig á að timburgrindin er mjög góð og algerlega fúalaus utan einn gólfbiti sem var við steyptan stigapall úti, þar sem vatn hafti legið á. Júlíus reif alla klæðningu utan af húsinu. Grindin var einangruð með reiðingi sem hann fjarlægði og setti steinull í staðin. Einnig fjarlægði hann allt járn af þaki, einangraði ofan á timburloftið, heilklæddi þak og setti þakpappa og nýtt járn eða endurnýtt sem hann fékk af blokk á Keflavíkurlflugvelli sem var verið að endurnýja. Upphaflega voru tveir reykháfar á húsinu en þegar Júlíus kaupir stendur annar



þeirra enn, sem hann fjarlægði. Einnig voru steyptar útitröppur norðan við húsið og timburpallur. Hann fjarlægði það allt og steypiti nýjan stiga og pall og undir pallinum gerði hann nýjan inngang í kjallara úr steinsteypu. Vatnsbretti sem eru á hæðarskilum hafa verið alla tíð en Júlíus endurnýjaði þau öll. Einnig endurnýjaði hann alla glugga í upprunalegri mynd, en gluggum í kjallara hafði verið breitt áður.

Júlíus byggði bílskúr og gestahús sambyggð árið 2002 skammt sunnan við íbúðarhúsið.

Hólmfríður Gísladóttir keypti Sunnuhvol af Júlíusi árið 2002.

Sunnuhvoll er friðað hús samkvæmt lögum um menningarminjar vegna aldurs.



Athugasemd um umhverfi húss:

Sunnuhvoll stendur á 880,0 m² leigulóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Steinsteypdur stoðveggur er framan við húsið og hlaðinn grjóttveggur að austan og sunnan við lóðarmörk. Sumarið 1937 var unnið að vatnsleiðslugreftri hjá Sunnuhvoli, og komu menn þá niður á fornt kuml með leifum af báti. Á sömu slóðum varð og vart fornra kumla nokkrum árum fyrr, en ekki voru þau rannsökuð.

Eigenda og íbúaskrá		
<i>Tímabil</i>	<i>Eigendur, íbúar</i>	<i>Börn</i>
1911-1944	Júlíus Jóhann Björnsson , útvegsmaður Jóna Jónsdóttir	Jón Egill (1908) Sigrún (1911) Hrefna (1914) Kristín Aðalheiður (1917) Baldur Þórir (1919) María (1921) Hjálmar Blómkvist (1924) Ragnheiður Hlíf (1927) Gunnar Skjöldur (1931)
1945-?	Gísli Árnason (<i>Gísli greifi</i>) Rósa Valtýsdóttir	
1945?	Jón Hjálmarsson	
1949-?	Ingi Birgir Stefánsson Erla Júlíusdóttir	
1949	Stefán Bjarman	
1949	Þóra Eiðsdóttir	
<i>Efri hæð</i> 1952-1953	Ingimar Guttormsson Jóhanna Sigurbjörg Jónasdóttir	Guðrún Jónína (1931) Jónas Auðunn (1937) Steingerður (1942)
1954 - 1958	Hjálmar Júlíusson Sólveig Eyfeld	Þórdís (1950) Sólveig (1951) Unnur María (1953)

1958 - 1959	Jóhannes Haraldsson Steinunn Pétursdóttir Anna Jóhannesdóttir	Jón Björn (1956) Kristinn (1943) Pétur (1947) Sigurjóna (1951)
1959 - 1960	Ríkarður Valdemarsson Elín Jóelsdóttir	Sveinn (1945) Jóel (1959) Margrét (1954)
1960 - 1963 1960 - 1962	Valdimar Óskarson Valgerður Marinósóttir	Fjóla B (1951) Ingimar B (1952) Óskar Bragi (1955) Snjólaug Bj (1956) Einar Bjarki (1960)
1965 - 1988	Ævar Klemensson Jónína Jónsdóttir	Hafdís (1958) Bóas (1961)
<i>Neðri hæð</i> 1953?-1956	Anna Stefánsdóttir Egill Gunnlaugsson Anna Gunnlaugsdóttir	
1957 - 1958	Jón Anton Jónsson Hekla Tryggvadóttir	Jón Smári (1958)
1962	Hildur Marinósóttir (Engihlíð)	
1966 - 1979	Sigtryggur Árnason Sólveig Sigtryggsdóttir Jóhanna Sigtryggsdóttir	
<i>Allt húsið</i> 1988 - 1992 1988 - 1991	Aðalsteinn Hauksson Guðrún Emilía Höskuldsdóttir	Ásta Ingibjörg (1983) Höskuldur Freyr (1986)
1992 - 1994	Sigurður Jón Guðmundsson Helga Dögg Sverrisdóttir	Guðmundur Örn (1977) Jón Hjörtur (1988) Ester Ösp (1989) Gréta Sóley (1992)
1994 1996-2001	Byggingarsjóður ríkisins Júlíus Baldursson	Flytur inn (1998)
2001 - 2003 2001 - 2003	Jóhannes Kristján Björnsson Matthías Hafþór Angantýsson	
2003	Hólmfríður A Gísladóttir Júlíus Baldursson	Unnur Ólafsdóttir (1982) Eva María Matthíasdóttir (1990) Guðbjörg Matthíasdóttir (1991) Amalía Nanna Júlíusdóttir (2002)

Brekka 1920. Hafnarbraut 21 (landnúmer:151515 / fastanúmer: 215-4895)

(Fasteignarmat 1931)

Lóð 600 m² ógirt leigulóð. Íbúðarhús 6,25 x 6,25 m vegghæð frá kjallara 2,34 m rishæð 2,00m. Kjallari steypdur hús úr timbri, útveggir klæddir pappa, þak úr timbri klætt pappa, gólf og loft og skilrúm úr timbri. 2 íbúðir með tveimur herbergjum hvor. Byggt 1919. Rakalaust og hlítt. Steypdur reykþáfur Vatn dælt úr brunni. Útihús: timburskúr með járnþaki stærð: 5,00 x 3,75 m. Eigandi Kristján Jóhannesson sjómaður Dalvík.



(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986)

Kjallari og skúr úr steinsteypu annað úr timbri. Húsið klætt með járnklæðningu, hátt risþak klætt bárujárn. Kjallara skipt með timbur og steinsteypu í 4 herbergi og uppgangi á efri hæð. Riss hæð skipt með timbri í 5 hólf. 1. hæð skipt með timburskilrúmunum í 3 herbergi, forstofu og uppgangi á rishæð Stærð: 6,50 x 6,20 x 6,80.

Við húsið er skúrbygging úr steinsteypu, skipt með timbri og steinsteypu í 3 hólf og gang. Stærð: 7,40 x 3,00 x 2,20 m. og 2,70 x 1,20 x 2,50 m. Eigandi Magnús I Guðmundsson.

Stutt lýsing húss.

1920 byggði Jóhann Sveinbjörnsson og kona hans Sesselja Jónsdóttir Brekku. Þau bjuggu í húsinu þar til Kristján E. Jóhannesson og Anna Arngrímsdóttir keyptu það 193?. Húsið var í þeirra eigu í u.þ.b. hálfari öld eða þar til 1981 þegar Magnús Guðmundsson og Sólrún Lára Reynisdóttir keyptu það og bjuggu þar til ársins 1986. Þá eignaðist Þórólfur Antonsson og Hrönn Vilhelmsdóttir Brekku, en Rannveig Edda Hjaltadóttir bjó þar 1988. Þórólfur og Hrönn byrja á því að gera húsið upp. Þau láta setja langan kvist með skúrþaki sem nær frá útvegg og upp að mæni á norðurhlið hússins. Einnig panelklæða þau risið og gera nýtt eldhús á neðri hæð. Þau eignast húsið til 1992 en selja þá Sigurði Gauta Haukssyni og Sigríði Ólöfu Hafsteinsdóttur. Sigurjón Helgason og Sólrún Anna Sveinbergsdóttir eignast húsið 1996 þegar þau kaupa af Sigurði og Sigríði.



Athugasemd um húsið.

Sigurjón og Sólrún byrja á endurbótum á skúrnum vestan við húsið árið 1999. Þau taka skúrþakið sem var og setja risþak í staðinn og hækka veggjáltillega. Í þessum skúr sem upphaflega var fjós og hlaða hafa þau rekið pizzugerðina "Tommuna" síðan. Árið 2000 hófust þau handa við að rífa utan af húsinu klæðninguna og hreinsuðu burt reiðing og skiptu út öllum fúabítum. Meirihluti grindarinnar var í góðu lagi og heldur sér. Útveggir allir einangraðir með 100 mm steinull, settur pappi og lektur og íbúðarhúsið og skúrinn klædd með bárujárn. Brotið upp örþunnt steypd þrífalag sem var, grafið niður að móhelluna undir

húsinu, sett mör og einangrað og steypð nýtt gólf með gólfhita. Allir gluggar teknir og settir nýir í sama stíl og þeir gömlu. Öll vatnsbretti á hæðarskilum og gluggabretti og gerekti endurnýjuð svo og allt skrautflúr við glugga. Þak var rétt af og einangrað með 200 mm. steinull, heilklætt og pappalagt og nýtt járn sett og þakskegg þykkt. Steinsteyptar tröppur og handrið við inngang á hæð að vestanverðu voru fjarlægð og settar timburtröppur og pallur með timburhandriði. Árið 2005-6 var byggt timburgarðhýsi yfir sólpall, áfast húsinu austan við það. Það einangrað og klætt timbri og sett járn á hluta að þaki og plexíglar á hluta. Þetta rými er nú nýtt sem stofa.



Athugasemd um umhverfi húss.

Hellulögð stétt eða bílaplan er neðan við húsið og steypdur kantur í kring. Timburgrindverk framan við húsið sem snýr að götu.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur / íbúar	Börn
1920-193?	Jóhann Sveinbjörnsson Sesselja Jónsdóttir	
193?-1981	Kristján Eldjárn Jóhannesson Anna Arngrímsdóttir	
1981-1986	Magnús I Guðmundsson Sólrún Lára Reynisdóttir	
1986-1992	Þórólfur Máni Antonsson Hrönn Vilhelmsdóttir	
1992-1996	Sigurði Gauta Haukssyni Sigríði Ólöfu Hafsteinsdóttur	
1996 og enn	Sigurjón Helgason Sólrún Anna Sveinbergsdóttir	

Garðar. Hafnarbraut 25 (Hús Þorsteins Jónssonar / Þorsteinshús / Steinahús) 1930.
Lnr: 151518 Fnr: 2154901

(saga Dalvíkur III bindi, bl. 289 (Húsagerð og hýbýlakostur á Dalvík um 1936))

(l: 9,0 – b: 7,7 – h: 3,5) Húsið í smíðum 1933. Steinsteyppt með skúrþaki. Fjögur herbergi og forstofa. Miðstöðvarhitun. Rafmagn til ljósa.

(l: 10,0 – b: 7,7 h: 7,2) árið 1935 er húsið endurvirt og er þá: tvær hæðir og ris. Sex herbergi niðri og tvær forstofur. Efri hæð finn herbergi. Rishæð ófrágengin. – Kolaupphitun. Rafmagn til ljósa.

Skúr (l: 4,5 – b: 3,8 – h: 2,7). Áfastur íbúðarhúsinu, steinsteypturn.



Garðar, hús Þorsteins Jóhannessonar.

(Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar)

Steinhús tvílyft á grunni, þiljað innan. Miklar skemmdir – stafnar hrundu, óíbúðarhæft. Íbúar 7. Húsráðendur; 1) Þorsteinn Jóhannesson og móðir hans Guðrún Gísladóttir. 2) Frímánn Sigurðsson og Árný Þorleifsdóttir.

(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986)

Steinsteyppt hús með járnklæddu þaki, 2 m ris. Neðsta gólf úr steinsteypu en annað úr timbri. 1. hæð skipt með timburskilrúmum í 4 herbergi og gang með uppgangi á efri hæð. 2. hæð skipt með timburskilrúmum í 5 herbergi og gang. Rishæð skipt með timburskilrúmum í tvennt. Stærð: L- 10,1 B- 7,6 H- 6,1 m. Við húsið er byggður skúr úr steinsteypu skipt í 2 hólf. Stærð: L- 4,4 B- 3,8 H- 2,3 m. Eigandi Lárus Halldórsson.



Stutt saga húss

Bygging Garða hófst 1927 og var lokið árið 1930. Steinsteyppt með skúrþaki. Fjögur herbergi og forstofa. Húsið skemmdist töluvert í jarðskjálftanum 1934, þá brotnaði suðurstafrn hússins illa en viðgerð þess lauk árið 1935 og hefur húsið fengið það útlit sem það hefur í dag. Arngrímur Jóhannesson smíðaði húsið fyrir Þorstein bróður sinn. Þorsteinn Jóhannesson var bílstjóri og gekk undir nafninu Steini bílstjóri. Þess vegna var húsið stundum kallað Steinahús. Kolaupphitun var í húsinu, kolamiðstöð niðri og kolaeldavélar á báðum hæðum. Rafmagn var til ljósa. Árið 1947 seldi Þorsteinn húsið Jakobi Helgasyni og Svanfríði Bjarnadóttur sem fluttu þangað úr Grímsey með börnin sín sex. Þá bjó Jóhann G. Sigurðsson í herberginu í risinu og var með bókabúð í herbergi á neðstu hæð og skóverkstæði í öðru, en Jóhann gekk ýmist undir nafninu Jói skó eða Jói bók.

Svanfríður var gjarnan með kostgangara auk sinnar stóru fjölskyldu og segja má að hún hafi á stundum rekið mótuneyti í húsinu. Svanfríður seldi húsið árið 1970, þá orðin ekkja. Þá kaupa húsið Kristján Jónsson og Margrét Ingólfadóttir. Þau bjuggu þar með þrjú börn sín í 14 ár. Þau létu gera baðherbergi í eldhúsinu uppi og skiptu um glugga í húsinu. Eftir að þau flytja úr húsinu urðu á því tíð eigendaskipti og má segja að það hefi verið komið í algera niðurníðslu þegar Svanfríður Inga Jónasdóttir, barnabarn Jakobs og Svanfríðar, keypti húsið af Sparisjóði Kópavogs árið 2007. Hún hefur endurbyggt húsið að mestu í upprunalegri mynd.



Athugasemd við hús

Gluggar hafa verið færðir í upprunalegt horf og upprunalegur tréstigi milli hæða og hluti af gömlu búrinnréttingunni standa áfram. Herbergjaskipan er eins og hún var nema að hurð sem vissi að Hafnarbraut tekin en önnur gerð á austur hlið hússins þar sem áður var skúrbygging.

Athugasemd við umhverfi húss

Húsið stendur við gangstétt fram við götulínu. Bílastæði úr götusteinum er fast norðan húss. Grasflöt er austan og sunnan húss, enginn trjágróður en stétt eða steinhelluflöt er við bakdyraútgang sem nær suður fyrir húshornið. Timburgrindverk á suður lóðarmörkum.



Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur / íbúar	Börn
1930-1947	Þorsteinn Jóhannesson (1901-1963)	
1936-	Frímann Kristinn Sigurðsson (1902-) Árný Þorleifsdóttir (1901-)	Haukur (1935) Bjarni Hólm (1939)
1936-	Björgvin Vigfússon (1896-1977) Þorbjörg Sigurhjártardóttir (1882-1969) Sigurður Vigfússon (Jóhann Guðlaugur Sigurðsson (1900-1990)	
1947-1970 -1984	Jakob Helgason (1904-1970) Svanfríður Bjarnadóttir (1905-1984)	Helgi (Matthías Ottó
1970-1984	Kristján Jónsson Margrét Ingólfadóttir	
1986-	Lárus Halldórsson	
1996	Randver Sigurðsson Eðalrein M Sæmundsdóttir	
1996-2003	Anna Rósa Jóhannsdóttir (1958)	Guðbjörg S Gunnlaugsdóttir (1979) Jóhann F Gunnlaugsson (1985) Valdimar H Gunnlaugsson (1985) Ólöf Eik Gunnlaugsdóttir (1988)
2001-200?	Guðbjörg S Gunnlaugsdóttir David Rice	Daniel Rice (2001)

2003-2005	Íbúðarlánasjóður
2005-2005	Sæfari SF-109 ehf
2005-2006	Guðjón L Viggósson
2006	Hafsel ehf
2006	Spartacus ehf
2006-2007	Gísli Steinar Jóhannesson
2007-2007	Sparisjóður Kógavogs
2007 og enn	Svanfríður Enga Jónasdóttir Jóhann Antonsson

Ungó 1930

(Saga Dalvíkur II bindi, bl. 233)

”Þótti tímabært að taka húsnæðismálin enn á dagskrá, þar eð mönnum duldust ekki brýn þörf á stóru samkomuhúsi sem fullnægði nýjum kröfum. Kom þetta oft til umræðu næstu árin, en í mörg horn að líta, svo sem bygging sundskálans. Hann var vígður 1929 og reyndist ekki meiri baggi á félaginu en svo, að ári síðar var ráðist í að reisa samkomuhús. Vígsla þess fór fram 1. desember 1930”. ”Árið 1951 fóru fram gagngerðar endurbætur á húsinu, aukið við: forstofu, fatageymslu, kvikmyndasýningaklefa og svölum. Tryggvi Jónsson var forustumaður þess og lengi sýningarstjóri.”



(saga Dalvíkur III bindi, bl. 334) Gísli Kristjánsson ritstjóri, sem ók bílnum um skeið, telur að burðarþol hans hafi ekki verið yfir eitt tonn, en algengt að ætla honum mun meira, einkum er steypumöl var flutt í húsbyggingar á Dalvík, svo sem í hús Sigurðar Þorgilssonar og Ungmennafélagshúsið, sem reist voru 1929 -1930.

(Úr gjörðarbók byggingarnefndar Dalvíkur. 30 okt. 1950)

Bréf frá Baldvini Jóhannssyni f.h. U.M.F. svarfdæla þar sem óskað er eftir leyfi til að viðbygging við samkomuhúsið í sundinu milli samkomuhússins og húss Sigurðar P. Jónssonar. Uppdráttur að hinni fyrirhuguðu byggingu fylgdi.

Byggingarnefnd samþ. að leyfa þessa byggingu með þeirri breytingu að 50 c.m. breitt innskot verði tekið inn í neðri hæð byggingarinnar að breidd (jafnt efri brún á gluggum) eins og sýnt er á uppdrættinum.



F. 30. júlí 1967:

Teikning af geymsluskúr á bakhlið Samkomuhússins samþykkt.

(Drög að byggingarsögu hússins. Hjörleifur Stefánsson, arkitekt, febrúar 2001.)

Árið 1919 hafði Ungmennafélag Svarfdæla eignast og greitt að fullu samkomuhús sem nefndist Bindindishúsið (Frón) og var þá farið að ræða byggingu stórs samkomuhúss. Á næstu árum var málið oft til umræðu en var frestað m.a. vegna annarra verkefna. Ungmennafélagið reisti Sundskála Svarfdæla árið 1929 og svo mikið hafði félaginu vaxið fiskur um hrygg að strax árið eftir svar ráðist í að byggja nýtt samkomuhús. Hinn fyrsta desember árið 1930 var nýja samkomuhúsið á Dalvík tekið í notkun en það mun ekki síst hafa verið byggt til að húsa leikstarf. Telja má nokkuð víst að Sveinbjörn Jónsson, sem kenndur var við Ofnasmiðjuna hafi teiknað og byggt húsið. Í Sögu Dalvíkur segir um húsið m.a. “Öll skilyrði til leiksýninga bötnuðu þá stórum, þótt ýmsu væri enn áfátt. Sviðið var þröngu og ekki unnt að komast bak við það. Tvær smákompur voru sín hvoru megin þess, og þar urðu leikarar að vera uns þeir áttu að koma inn. Þrengsli á sviði voru slík, að geyma varð leiktjöld og annan búnað uppi yfir salnum eða úti ef svo viðraði, milli þess sem skipt var um.

Nýja húsið tók 100 manns í sæti. Fremst voru tveir eða þrír baklausir bekkir, barnasæti, en að öðru leyti



trébekkir með baki. Sviðið var um það bil 130 c.m hærra en gólfið í salnum.”

Árið 1934 hóf Ungmennafélagið að sýna kvikmyndir í húsinu og þá mun hafa verið reist viðbygging við suðurgafli þess til að hýsa sýningarvél. Fyrstu tíu árin voru sýndar þar þöglar myndir, en þá var byrjað að sýna myndir með tali. Árið 1951 var samkomuhúsið stækkað. Sunnan við það, milli Ungó og Sigtúns, var reist ný viðbygging sem hýsti forstofu, fatageymslu og kvikmyndasýningarklefa. Viðbyggingin varð andlit hússins út á við og þar voru aðaldyrnar. Þessi bygging var að mestu leyti reist í sjálfboðavinnu og stóð Jón Stefánsson byggingarmeistari fyrir smíði hennar.

Árið 1971 var reistur timburskúr við austurhlið samkomuhússins, 34,4 ferm að stærð.

Íbúðarhúsið Sigtún var reist árið 1937 skammt sunnan við samkomuhúsið. Í fyrstunni var húsið einnar hæðar með lágu skúrþaki. Eigandi þess var Sigurður P Jónsson kaupmaður. Sveinbjörn Jónsson í Ofnasmiðjunni er talinn hafa teiknað húsið fyrir hann árið 1935, en húsið ber vissulega nokkuð svípmót annarra húsa sem Sveinbjörn teiknaði um þessar mundir. Um 1945 – 1946 gljappu Sigurður húsið um eina hæð. Hann bjó eftir það á efri hæðinni og rak verslun sína á neðri hæðinni fram um 1970. Sigurður tók mikinn þátt í starfi Ungmennafélagsins. Um 1970 eignaðist Haraldur Guðmundsson rafvirki húsið. Hann bjó á efri hæðinni og rak rafmagnsverkstæði á neðri hæðinni þar sem verslun Sigurðar hafði verið.

Við austurhlið Sigtúns var reist viðbygging með stiga milli fyrstu og annarrar hæðar þegar húsið var hækkað. Við suðurhlið hússins var á sama tíma reist útbygging með forstofu framan við suðurdyr fyrstu hæðar og ofan á henni svalið.